
Með elju og iðjusemi

Sýning Benedikts Gunnarssonar



Benedikt Gunnarsson með tvö verka sinna.

Benedikt Gunnarsson listmálari sýnir 100 myndir (á skrá) á Kjarvalsstöðum dagana 29. október til 6. nóvember. Hann leggur undir vestursalinn og hengir upp utan á hann líka, þar sem heitir hliðarsalur.

Þarna eru 55 olíumálverk og 45 pastelmyndir og eru myndirnar gerðar á síðustu 6-7 árum, en flestar eru 2-3 ára gamlar.

Sem áður hefur komið fram, þá sýnir Gunnar Örn á sama tíma í austursalnum, og má því segja að nú sé þétt setinn bekkurinn, eftir hálf eymdarlega daga á Klömbrum.

Hér í blaðinu var vikið að því að Gunnar Örn hefði ekki stund að nám í listaskólum, heldur farið sína eigin leið, Benedikt er andstæðan, hefur að baki langan feril í skóla, því hann stundaði listnám í tæpan áratug, eða frá 1945-1953, fyrst við Myndlista- og handíðaskólann, síðan við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn og við listaskóla R.P.Böyessen í Ríkislistasafninu í sömu borg, og hann nam í París og Madrid.

Benedikt tók auk þess myndlistarkennarapróf og kenndi um skeið við Myndlista- og handíðaskólann, og síðar við kennaraskólann, og er nú lektor í myndlist við Kennaraháskóla Íslands.

Það er flott staða.

Jafnframt kennslustörfum, hefur Benedikt Gunnarsson verið ötull myndlistarmaður, hefur haldið tólf einkasýningar, þar af eina erlendis, og myndir hans hafa farið víða um lönd á samsýningar. Seinast sýndi hann í Reykjavík árið 1973 og hann hefur gert veggskreytingar víða, bæði úr steypu og gleri, auk málaðra mynda.

Hann er því maður iðni og elju.

Myndlist Benedikts Gunnarssonar

Það er mál manna, að Benedikt Gunnarsson sé einhver lærðasti myndlistarmaður þessa lands. Hann tekur lífsstarf sitt alvarlega, og mun hafa kynnt sér vinnubrögð myndlistarmanna á fjölmörgum stöðum, þótt hann vinni myndir sínar einkum í olíu og pastel. Myndir hans eru gerðar af kunnáttu og næmri tilfinningu.

Myndefnin eru líka hin margvíslegustu, en þótt þeim séu valin algeng nöfn og hversdagsleg, einsog t.d. Kvöld í sjávarþorpi, Maður og verksmiðja og Kvöld við hafið, þá nálgast hann ekki viðfangsefni sitt af neinu sérstöku raunsæi, t.d. eins og Jón úr Vör og fleiri skáld gera í kvæðum sínum. Nafnið er oftast aðeins heiti með tiltölulega veikum tengslum við hinar einstöku myndir.

Myndir Benedikts Gunnarssonar eru í vissum skilningi sérstakur heimur, eða veröld, sem menn upplifa, ekki eins og saltan storm í sjávarplássi eða kalda jörðina, heldur eru þetta meira og minna sýnir mitt á milli draums og veruleika.

Myndirnar eru hvorki saga né samtíð, heldur hin ókomna tíð, með geimferðum og óendanlegri vídd.

Það kemur líka í ljós, að tengslin við nöfnin eru sterkust, þegar myndirnar bera framtíðarleg nöfn. Geimfarið við skotpallinn, Flugstjórinn og Geimfarar ræða eilífðarmálin o.s.frv.

Eldgosið í Vestmannaeyjum hefur orðið Benedikt drjúgt myndefni, en einnig þar minna myndirnar meira á seinagangginn í sköpun jarðar, en flótta upp á líf og dauða undan eldi.

Einkenni mynda Benedikts Gunnarssonar eru nákvæmni og vandvirkni. Hann hefur fínt litaskin og kastar ekki höndunum til neins. Ef finna á að einhverju, þá virðist honum hætta til að teikna með litunum, en það getur leitt af sér hálfgerðan vandræðagang, því önnur úrræði eru betri.

Benedikt tekur ekki mikla áhættu í myndlist sinni, heldur vinnur af kaldri ró, og hann verður því að sætta sig við þá staðreynd, að sá sem ekki málar verulega vondar myndir annað slagið, á ekki von á hinu einstæða í einni og einni mynd.

Útkoman staðlast, því þótt myndirnar séu margar, þá er uppskriftin ein.

Þó má segja sem svo, að uppskera hins stranga aga sé talsverð, þótt hún komi ekki í gusum. Þarna er að finna margar ljómandi vel gerðar myndir, en því miður, engar verulega vondar og enga einstæða mynd eða frábæra.

Ástæða er til þess að hvetja almenning til þess að sækja þessa stóru og vönduðu sýningu og myndlistarmenn eiga þarna líka erindi, því þetta er lærdómsrík sýning í bezta skilningi þess orð.

Jónas Guðmundsson

herra

greiðslur til fiskiskipakaupa erlendis.

Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í virkjun fallvatna og jarðvarma. Nú kann að vera ástæða til að hægja á ferðinni og undirbúa um leið nýja sókn á þessu sviði, sókn sem ekki ofbýður fjárfestingarstarfseminni í landinu. Skipulagsumbætur í orkuiðnaði eru einnig í undirbúningi. Almennur iðnaður hefur vaxið mjög á síðustu árum þrátt fyrir aukna samkeppni við innflutning. Þótt sú samkeppni sé bæði holl íslenzkum iðnaði og þjóðarbúinu, verður að gæta þess að aðstaða hans sé sem sambærilegust við það, sem erlendis gerist. Á þessu ári hefur verið unnið að ýmsum endurbótum á rekstrarskilyrðum iðnaðar og verður því starfi haldið áfram á næstunni og Alþingi gerð grein fyrir því.

Nauðsynlegt er að umhverfisvernd sé jafnan höfð í huga við ákvarðanir um orku- og stóriðju. Á þessu þingi mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga um umhverfismál, þar sem gerðar eru tillögur um heildarstjórn þeirra mála.

Á sviði landbúnaðar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr offramleiðslu landbúnaðarafurða, m.a. með endurskoðun útflutningsuppbóta. Rétt er að geta þess, að skilningur á þessu vandamáli kom fram á fundi Stéttarsambands bænda í haust.

Unnið verður að því, að verðmyndarkerfi verzlunar og þjónustu sé gert frjálslegra, þannig að hagsmunir neytenda séu betur tryggðir en nú er. Jafnframt verður stefnt að því að afnema misræmi á milli atvinnuveganna og á milli fyrirtækja í einkaeign og opinberum rekstri.

Nauðsynlegt er að setja ný lagaákvæði um störf sáttasemjara ríkisins.

Ný heildarlöggjöf um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur lengi verið í undirbúningi. Vonir standa til þess, að greinargerð nefndar, sem unnið hefur að því verki, verði lögð fram í vetur.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir viðræðum fulltrúa þingflokka um breytingar á kosningalöggjöfinni. Þess hefur verið farið á leit við stjórnarskrárnefnd, að hún geri grein fyrir störfum sínum og tillögum, ekki síst um kosningalög og kjördæmaskipan.

Að venju fylgir ræðu þessari skrá yfir helstu lagafrumvörp, sem í undirbúningi eru í einstökum ráðuneytum og verða væntanlega lögð fram á þessu þingi. Er sú skrá þó ekki tæmandi.

Lokaorð

Forsenda allra framfara í atvinnumálum er jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Jafnvægi næst ekki nema með samstilltu átaki allra, sem áhrif hafa á þróun efnahagsmála. Stjórnvöld verða að hafa stuðning almennings og samtaka hans til að tryggja þetta jafnvægi og þar með framfarir og batnandi lífskjör í landinu á næstu árum. Slíkt samstarf og stuðningur verður að vera byggt á sameiginlegu mati á því hver sé framleiðslugeta þjóðarbúsins. Raunsæi verður að ráða þessu mati en ekki óskhyggja eða gylling á framtíðinni.

Ríkisstjórnin lætur nú vinna að undirbúningi þjóðhagsáætlunar til lengri tíma, þannig að ræða megi á sama grundvelli um tekjuskiptingarvandann í þjóðarbúinu og svigrúmið til framkvæmda, einkaneyzlu og opinberra umsvifa og þar með skattheimtu. Þetta verk verður kynnt á þessu þingi.

Sú efnahagsstefna, sem hér er lýst, byggist á forsendum, sem geta brugðist. Ef það gerist, verður nauðsynlegt að grípa til enn öflugri ráðstafana. Þjóðin öll verður að vera undir það búin.

Rafverktakar telja sér mismunað og hyggjast úr V.Í.

Aðalfundur Landssambands íslenzkra rafverktaka var haldinn nýlega í Domus Medica. Fundinn sóttu rafverktakar frá öllum 7 aðildarsamtökum sambandsins, og frá Vestmannaeyjum, en þar eru rafverktakar beinir meðlimir LÍR.

Á fundinum voru rædd ýmis mál er varða rafverktaka og bar þar hæst kæru verðlagsstjóra á hendur stjórn og framkvæmdastjóra landssambandsins fyrir að gefa út taxta, sem eru í samræmi við þá samninga er gerðir voru 22. júní s.l., segir í fréttatilkynningu frá L.Í.R. Lýsti fundurinn stuðningi við stefnu stjórnarinnar í átökunum við verðlagsyfirvöld og áleit, að verðlagsnefnd færi ekki að lögum við verðákvarðanir.

Þá segir:

„Jafnframt benti fundurinn á að hérlend skömmtunarstefna í verðlagsmálum ætti sér ekki hliðstæðu í lýðfrjálsu landi, enda enginn jákvæður árangur orðið af framkvæmd hennar.

Þá voru rædd öryggismál og slys af völdum rafmagns, sem eru tíðari og alvarlegri en almennt er álitið. Samþykkti fundurinn að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra, að í samráði við skólanefndir og fræðsluyfirvöld verði á grunnskólastigi komið á raunhæfri fræðslu um rafmagn og raftækni og kennt hvað gera skuli til að forðast slys af völdum rafmagns.

Gagnrýnt var á fundinum, að stjórnmálaflokkar og alþingismenn notuðu aðstöðu sína í þágu ákveðinna verktaka og fól fundurinn stjórn LÍR að afla upplýsinga um viðskipti verktaka við Kröflunefnd, einkum hvernig samningar hefðu verið framkvæmdir og hverjar væru greiðslur til verktaka.

Þá var óskað endurskoðunar á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands, miðað við hugsanlega úrsögn."

Á fundinn kom fulltrúi rafmagnseftirlitsstjóra, Hreinn Jónasson, og skýrði hann frá nýjum reglum, sem í undirbúningi eru varðandi rafbúnað á hafnarsvæðum og tengingu skipa við land.

Úr stjórn sambandsins áttu að ganga formaður og tveir stjórnarmenn. Kosinn var nýr formaður, en að öðru leyti er stjórnin óbreytt og er Tryggvi Pálsson Akureyri formaður og aðrir stjórnarmenn eru Guðjón Pálsson Hveragerði, Ingólfur Bárðarson Ytri-Njarðvík, Ingvi R. Jóhannsson Akureyri og Jón P. Guðmundsson Hafnarfirði.



Kari Skjönsberg talar hjá Kvenréttindafélaginu

SJ-Reykjavík. Kari Skjönsberg, formaður norska kvenréttindafélagsins flytur framsöguerindi á fundi hjá Kvenréttindafélagi Íslands í dag kl. 16.30 í Hamragörðum við Hávallagötu. Erindi sitt nefnir Kari, Kvinnesak — strategi for videre arbeid. Allir eru velkomnir á fundinn og eru félagar í Kvenréttindafélaginu hvattir til að koma.

Goðsagnakenningin í háskólanum

Sunnudaginn 6. nóvember nk. verður fluttur opinber háskólafyrirlestur á vegum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í stofu 101 í Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn flytur Einar Pálsson og nefnist hann Landnám Ingólfs í ljósi goðsagna.

Fyrirlesturinn hefst kl. 14:00 og er öllum heimill aðgangur.

Einar Pálsson lauk prófi frá Royal Academy of Dramatic Art (London University Department) í júlí 1948. Nokkrum árum síðar tók Einar Pálsson einnig B.A.-próf í tungumálum við Háskóla Íslands.

Árið 1952 varð Einar Pálsson skólastjóri Málaskólans Mímis og hefur gegnt því starfi síðan.

Helzt áhugasvið Einars Pálssonar var allt frá upphafi norræn goðafræði og rannsókn trúarbragða. Í Englandi lagði Einar Pálsson einkum stund á lestur fornrar menningarsögu, kynnti sér tengsl forngrískrar leikritunar og grískrar goðafræði og notkun tákna í enskum miðaldabókmenntum.

Rannsóknir Einars Pálssonar hafa einkum beinst að því hvað megi læra um rætur íslenzkrar menningar með því að kryfja til mergjar heimsmynd og hugmyndafræði fornmanna, og að því hver séu tengsl íslenzkra goðsagna við táknmál horfinna menningarheilda.

Rit Einars Pálssonar eru:

Ritsafnið RÆTUR ÍSLENZKRAR MENNINGAR: Baksvið Njálu (1969), Trú og landnám (1970), Tíminn og Eldurinn (1972) og Steinkross (1976). Fimmta bindið, Arfur Kelta, er væntanlegt síðari hluta vetrar. Að auki hefur Einar Pálsson samið kennslubók í íslenzku fyrir útlendinga: Icelandic in Easy Stages I (1975). Annað bindið er væntanlegt nú í desember.